

6. fundur Skólaráðs haldinn í Grunnskólanum á Hól mavík 7. apríl 2011 klukkan 17:00

Mættir eru: Vala Friðriksdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Sverrir Guðmundsson, Arnór Jónsson, Sigrún María Kolbeinsdóttir og Stella Guðrún Jóhannsdóttir.

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir og Jóhanna Guðbrandsdóttir boðuðu forföll.

Hildur Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri ritaði fundargerð.

1. Kynning á nýjum áherslum, kennslufyrirkomulagi og kennsluháttum vegna skólaársins 2011 – 2012.

Skólastjóri kynnti skólaráði þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á kennsluháttum og fyrirkomulagi fyrir skólaárið 2011 - 2012. Fram kom að vinna við þessar útfærslur hefur staðið yfir frá því í byrjun nóvember. Sveitarstjórn og Fræðslunefnd Strandabyggðar styðja við framkomnar tillögur skólastjórnenda.

Tillögurnar fela í sér innleiðingu og nánari útfærslur innan skólans á einstaklingsmiðuðum kennsluháttum þar sem unnið er með kerfi þar sem nemendur áforma um nám sitt og setja sér markmið og taka aukna ábyrgð á skipulagi og framvindu í eigin námi. Sambærilegar aðferðir í kennsluháttum eru þekktar frá skólum eins og Ingunnarskóla og Norðlingaskóla sem eru samráðsskólar Grunnskólans á Hól mavík við innleiðingu þessara nýju aðferða. Hver nemandi lærir þannig á eigin hraða, nám hans er metið eftir því sem við á og hann keppir að því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið. Leitast er við að koma til móts við þarfir hvers og eins.

Þá er gerð tillaga að því að nemendahópum verði fækkað úr 6 á yfirstandandi skólaári í fjóra á því næsta. Skiptingin verður með eftirfarandi hætti. 1. – 3. bekkur sem í verða 24 nemendur, 4. – 6. bekkur með 19 nemendur, 7. – 8. bekkur með 25 nemendur og 9. og 10. bekkur þar sem nemendur verða 12. Hugtakið aldursblöndun er mikilvægt í þessu samhengi og er því ætlað að skýra kennsluform sem felur í sér að blanda nemendum úr tveimur eða fleiri árgöngum saman í bekk og kenna honum sem einni heild með tilliti til mismunandi námsþarfa - án varanlegrar námslegrar eða félagslegrar aðgreiningar. Að taka upp aldursblöndun er ætlað að skapa betri kennsluáðstæður með þarfir nemenda að leiðarljósi. Þannig er börnum á mismunandi aldri skapaðar aðstæður til námsframvindu á eigin forsendum en ekki samkvæmt aldurstengdum markmiðum námskrár eða aldurstengdu námsefni. Meðal kostna aldursblöndunar eru auknar líkur á að draga úr tilhneigingu kennara til að nota einsleita námskrá þar sem allir nemendur eiga að vera að gera sömu verkefni á sama tíma.

Tekið verður upp tveggjakennarkerfi í öllum bekkjardeildum nema 9. og 10. bekk á næsta ári. Til að fjölga kennurum á hverja bekkjardeild þarf starfsfólk að vinna í tveggja manna og stærri teyrum. Með tveggjakennara kerfi nýtist margbreytileikinn í hópi starfsfólks nemendum betur, einangrun kennara er frekar rofin, undirbúningur dreifist á fleiri hendur og oftast en ekki nýtist fagmennska kennarans betur fyrir heildina. Með þessu móti er aldrei einn kennari með nemendahóp. Tveggja kennara kerfi eykur sveigjanleika og skapar um leið

stuðning þegar þörf er á t.d. vegna forfalla og umsjón með nemendahópum og vitneskja um stöðu nemenda dreifist á fleiri hendur. Til að tryggja kennurum gott starfsumhverfi þurfa teymin að fá skipulagða samráðstíma í hverri viku þar sem námið og kennslan er skipulagt. Þannig nýtist áhugasvið og sérþekking kennara/starfsmanna fyrir allt teymið og um leið fyrir þá nemendur sem teymið kemur að. Reynsla fjölmargra skóla sýnir að teymisvinna gerir allt starf markvissara og er betra fyrir nemendur auk þess að auðvelda skólaþróun og úrvinnslu mála.

Samhliða þessum breytingum verða gerða breytingar á tímamagni skólans þar sem tímamagn verður fært niður í viðmiðunarstundir sem fram koma í aðalnámsskrá grunnskóla og viðmiðun menntamálaráðuneytis.

Stefnt er að því að stundaskrá breytist þannig að allir nemendur ljúki skóladeginum á sama tíma eða um klukkan 14:00. Þannig breytast ferðir skólabíls og verða eingöngu í upphafi og lok skóladags.

Skólaráð tekur mjög vel í þessar tillögur og mælist til þess að þær verði unnar áfram og kynntar fyrir foreldrum. Vegna þessara breytinga mun skólaráð hittast á aukafundi um miðjan maí þar sem endanlegar tillögur um tillögum skólustarfs veturinn 2011 – 2012 verða lagðar fyrir ráðið til samþykktar.

3. Námsmat og tilhögun þess við Grunnskólann á Hólmavík

Gagnleg umræða fór fram um námsmat og tilhögun þess við skólann. Námsmatskaflinn í gildandi skólanámsskrá lýsir námsmati skólans ekki eins ítarlega og æskilegt er til að tryggja t.d. að nýjir kennarar og foreldrar átti sig strax með skýrum hætti á þessum mikilvæga þætti í skólustarfinu. Meðal annars kemur ekki fram í námskránni hvaða kröfur eru gerðar til kennara um hvernig þeir kynni nemendum og foreldrum hvernig námsmat fer fram hverju sinni. Ýmis hugtök í tengslum við námsmatið þarf að skýra betur t.d. hvað stendur á bakvið starfseinkunn og prófseinkunn. Skólaráð aðhyllist að nemendur fái eina einkunn sem er blanda af prófseinkunn og símati en samhliða sé gerð grein fyrir vægi hvers þáttar í einkunn. Þá er mikilvægt stefna að því að mat sé ekki einungis byggt á tölum heldur séu þær útskýrðar samhliða með orðum.

Fram kom hjá skólastjóra að kennarar skólans hafa verið að vinna við að taka út námsmatið og uppbyggingu þess og mun verða unnið áfram með niðurstöður þeirrar vinnu fyrir næsta vetur og tillögur gerðar um breytingar. Fyrstu hugmyndir miðað við þá vinnu sína að kennarar eru í grunninn sammála skólaráði um þær breytingar sem gera þarf í matsmálum skólans. Að mati fulltrúa í Skólaráði þarf námsáætlun í hverri grein, og sett er fram í upphafi vetrar, undantekningalaust að greina frá því hvernig námsmat í greininni á að fara fram og er þá allur veturinn hafður þar undir. Þá er mikilvægt að hafa í huga hvað á að meta og hvers vegna. Samræma þarf á milli greina hvernig er metið og hvað er metið. Markmið ættu alltaf að vera mælanleg og matið þarf að gera grein fyrir og sína fram á að nemandi hafi tileinkað sér og náð viðkomandi markmiðum. Hugsanlegt er að taka ákvörðun um vægi á milli prófa annarsvegar og símats hinsvegar og gera grein fyrir því með prósentuhlutfalli í skólanámsskrá. Æskilegt að vægið milli prófa og símats sé jafnt eða 50%.

3. Mat á skólastarfi, innra mat og umbótaáætlun

Skólastjóri kynnti sjálfsmat skóla. Í nýjum lögum um grunnskóla frá 2008 voru markmið mats á skólastarfi skilgreind enn frekar frá fyrri lögum. Í grunninn eru markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum fjórþætt:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum."Eftirlit með sjálfsmati grunnskóla og ábyrgð á að mat fari fram hefur verið fært yfir á sveitarfélög.

Nú er nýtt að sveitarfélögin sjálf eiga að fylgja því eftir að innra og ytra mat sé framkvæmt þannig að mat leiði til umbóta í skólastarfi. Til ársins 2010 var það ákvörðun stjórnenda skólans að sinna ekki innra mati þar sem áherslur voru á aðra þætti í skólastarfinu. Innra mat hófst við skólann í ágúst 2010 eftir að ráðgjöf bauðst frá menntamálaráðuneyti.

Sjálfsmatsteymi var skipað í framhaldinu og er það nú skipað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og tveimur kennurum. Þá hafa kennarar skólans komið að matsvinnu með ýmsum hætti. Vinna við áætlanagerð hófst í ágúst og lauk í september. Áætlun var gerð til fimm ára og er hún komin að fullu í framkvæmd og hefur tekist að vinna nokkuð vel eftir þeim markmiðum sem sett voru. Í vetur hefur verið lögð áhersla á mat á ýmsum þáttum sem snúa að námi og kennslu, s.s. heimanám, markmið og leiðir í kennslunni, námsskrár, sérkennslu og sérfræðiþjónustu auk ýmissa þátta snúa að samskiptum. Þá hefur stefna, starfsmannastefna og annað verið skoðað og úrbætur gerðar samkvæmt áætluninni.

Fyrirhugað að er að skila skýrslu til sveitarfélagsins í vor eða haust. Skýrslur vegna sjálfsmats eru opinberar og þær á að birta á vef skólans.

Skólaráð fagnar því að vinna sé hafinn við gerð sjálfsmats og vonar að sú vinna sem fram fer innan skólans skili sér í þeim markmiðum laganna að umbætur verði á sem flestum sviðum skólastarfsins. Þá skorar skólaráð á sveitarfélagið Strandabyggð að sinna eftirlitsskyldu sinni eins ogf lög gera ráð fyrir.

4. Önnur mál

Kolbrún óskaði álits skólastjóra á því hvort eðlilegt teldist að sælgæti/sjoppa væri til staðar í skólahúsnæðinu í tengslum við félagsmiðstöðina. Svo verður meðan félagsmiðstöðin Ozon er rekin í húsnæði skólans en það er auðvitað undir nemendum og foreldrum þeirra komið að stjórna magni og þeim peningum sem eru ætlaðir til nammikaupa.

Fundi slitið kl. 19.13